

Stjórnarfundur vegna vatnsveitu 18.04.2016

Stjórnarfundur haldinn á heimili formanns Jóns Bjarnasonar. Mættir voru Nonni, Guðrún María, Sigurður, Sjonni, Maggi, Benni og Einar.

Vatnsveitumenn, þeir Maggi, Einar og Benni kynntu fyrir stjórn þær hugmyndir sem þeir höfðu hug á að yrðu kynntar fyrir Aðalfundi félagsins.

Maggi mælti með því að boraðar yrðu 2 holur fyrir ofan gömlu veituna, hann hafði fengið tölur frá Árna Kóps á þessari borun. Gæti verið um kr: 400.000.- Ekki hægt að tryggja neinn árangur.

Einnig var kynnt sú hugmynd að taka vatn á gamla mátann upp í fjalli á öðrum stað og tengja við gömlu veituna. Þá hægt að opna fyrir þegar lækka tekur í þeirra gömlu ef þarf. Kostnaðar hugmynd var um kr. 2.000.000.- Árangur ætti að vera góður.

Einnig var talað um að dæla beint úr ánni við bústað 74 og þar beint inn á kerfið en ekki var farið lengra með þá hugmynd.

Ákveðið var að setja saman áætlun um kostnað á tveimur fyrri tillögum og kynna fyrir aðalfundi. Einnig samþykkt að kynna fyrir hreppnum þann kostnað er myndi falla á per lóð sem yrði tengd við kerfið í framtíðinni út frá því hvað samþykkt yrði á aðalfundi.

